



26. október 2023  
Tilv.: 2310118

Dreifibréf nr.: 35/2023  
Til fjármálafyrirtækja og SFF

**Efni: Drög að nýjum reglum um útreikning fjármálafyrirtækja á eiginfjárgrunni og hæfu fjármagni samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.**

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 12/2023 sem inniheldur drög að nýjum reglum um útreikning fjármálafyrirtækja á eiginfjárgrunni og hæfu fjármagni. Reglurnar verða settar með stoð í 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Með reglumum verður innleidd reglugerð (ESB) 2023/827 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 241/2014 að því er varðar samþykki fyrir lækkun eiginfjárgrunns og kröfur í tengslum við gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem sett er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Reglugerð (ESB) nr. 241/2014, með síðari breytingum, er innleidd í reglur nr. 1162/2022 um útreikning fjármálafyrirtækja á eiginfjárgrunni og hæfu fjármagni. Með hinum nýju reglum falla úr gildi reglur nr. 1162/2022.

Með reglugerð (ESB) 2023/827 eru einkum gerðar breytingar á ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 241/2014 um svonefnda óbeina fjármögnun, fyrirframsamþykki fjármálaeftirlits fyrir lækkun eiginfjárgrunns og fyrirframsamþykki skilavalds fyrir lækkun hæfra skuldbindinga.

Með dreifibréfi þessu gefur Seðlabanki Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 10. nóvember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kristín Logadóttir  
staðgengill framkvæmdastjóra  
varúðareftirlit

Pálmi Reyr Ísólffsin  
forstöðumaður  
fjárhagslegir áhættuþættir

